

Annáll Alþjóðamálastofnunar 2025

Í þessari samantekt er farið yfir þau fjölmörgu verkefni á sviði alþjóða- og utanríkismála sem Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hefur unnið árið 2025, en innan vébanda stofnunarinnar starfa Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.

Rannsóknaverkefni og námskeið


RECLAIM – Reclaiming Liberal Democracy

Í september 2025 lauk þriggja ára rannsóknarverkefninu *RECLAIM – Reclaiming Liberal Democracy in the Postfactual Age*, sem fékk styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Horizon Europe styrktaráætlunina. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands annaðist umgjörð verkefnisins og Maximilian Conrad, prófessor við Stjórnmálafræðideild HÍ, stýrði því. Auk Háskóla Íslands tóku þrettán aðrir háskólar og stofnanir í tólf Evrópulöndum þátt í verkefninu.

Verkefnið, sem hlaut um 420 milljónir króna í styrk, kannaði áhrif upplýsingaóreiðu á lýðræði í Evrópu. Markmið þess var að skilja hvernig rangar og villandi upplýsingar hafa áhrif á lýðræðislega umræðu og grunnstoðir frjálslynds lýðræðis, auk þess að setja fram ráðleggingar um stefnumótun, fræðslu og aðgerðir til að sporna gegn neikvæðum afleiðingum upplýsingaóreiðu í nútímasamfélagi.

Verkefnið skilaði fjölbreyttum og gagnlegum niðurstöðum fyrir fræðasamfélagið, stefnumótendur og almenning. Niðurstöðurnar voru birtar í fjölmörgum fræðigreinum, stefnumótandi greiningum og hlaðvarpsþáttum. En auk þess hafa verið búin til fræðslumyndbönd til að útskýra niðurstöður rannsóknarinnar og verkfærakista fyrir kennara um miðlalæsi svo eitthvað sé nefnt.

Allar niðurstöður, útgáfur og frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu verkefnisins: reclaim.hi.is



ARCADE - Akademía norðurslóða um leiðtogahæfni í félags- og umhverfismálum

Norðurslóðir voru í brennidepli í opnu netnámskeiði sem þróað var innan ARCADE-samstarfsverkefnisins, sem leitt er af Rannsóknarsetri um norðurslóðir og hefur hlotið styrk frá Erasmus+ undanfarin þrjú ár. Námskeiðið varð aðgengilegt á edX-námsvefnum á vormánuðum og fjallar um áskoranir norðurslóða á umbrotatímum, með áherslu á stjórnerfi og öryggismál, félags- og efnahagsleg áhrif loftslagsbreytinga og samfélagslega aðlögun að breyttu umhverfi. Sérstök áhersla var lögð á að efla leiðtogahæfni þátttakenda og veita þeim hagnýt verkfæri til að miðla rannsóknum sínum á áhrifaríkan hátt. Kennarahópur námskeiðsins samanstóð af fræðimönnum frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Tromsø í Noregi og Grænlandsháskóla.

Jafnframt hlaut ARCADE-verkefnið áframhaldandi styrk frá Erasmus+ til næstu þriggja ára. Með því skipast grundvöllur fyrir áframhaldandi þróun þverfræðilegra námskeiða um málefni norðurslóða, nú einnig með þátttöku Fróðskaparseturs Færeyja.



ACONA – The Arms Control Negotiation Academy

Mikil óvissa ríkir í öryggis- og afvopnunarmálum í heiminum. Einn liður í því að svara þörfum alþjóðasamfélagsins í afvopnunarmálum er að þjálf næstu kynslóð sérfræðinga á þessu sviði, en það er einmitt hlutverk *The Arms Control Negotiation Academy*, ACONA, alþjóðlegs 12 mánaða námskeiðs í samningatækni og afvopnunarmálum. Þátttakendur hafa fjölbreyttan sérfræði- og akademískan bakgrunn og koma víða að. Hingað til hafa sex Íslendingar tekið þátt í námskeiðinu en þátttaka þeirra er liður í því að auka þekkingu á þessu sviði á Íslandi. Fimmti árgangur ACONA 2024 - 2025 var útskrifaður við hátíðlega athöfn í Höfða 22. maí.

Til að auka þekkingu og efla tengslanet á þessu sviði heldur ACONA einnig alþjóðlega ráðstefnu ár hvert í Reykjavík í kjölfar síðustu lotu ACONA námskeiðsins. Í ár fór ACONA conference Reykjavík fram í Norræna húsinu föstudaginn 23. maí undir yfyrskriftinni *Negotiating the New Frontier: Technology and Conflict in a Changing Geopolitical Order*. Á meðal fyrirlesara á ráðstefnunni í ár voru **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, **Christopher Ford**, stofnandi og forstöðumaður MITRE, **Sibylle Bauer**, fræðastjóri rannsókna í afvopnunarmálum hjá Friðarrannsóknastofnun Stokkhólms (SIPRI), **Tong Zhao**, fræðimaður hjá Carnegie Endowment for Peace í Kína og **Darius Rahimi**, yfirmaður kjarnorkuvopnaeftirlits, útbreiðsluvarna og afvopnunar hjá þýska utanríkisráðuneytinu.

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og The Peace Research Institute í Frankfurt standa fyrir námskeiðinu og ráðstefnunni í samstarfi við Davis Center og Belfer Center við Harvard-háskóla.

Nánar um ACONA á <https://www.armscontrolnegotiationacademy.org/>



CMC-19 – Áfallastjórnun í COVID-19 faraldrinum: Stjórnarhættir og leiðtogaþæfni

Markmið rannsóknarverkefnisins CMC-19 er að styrkja viðnámsþrótt og samhæfingargetu innan og milli Norðurlandanna þegar kemur að áfallastjórnun með því að greina hvernig lönd sem eru menningar- og stjórnafrarslega mjög svipuð bregðast við alþjóðlegum áföllum með ólíkum nálgunum og aðferðum.

Verkefnið er leitt af **Baldri Þórhallssyni**, prófessor í stjórnmálafræði og rannsóknastjóra Rannsóknaseturs um smáríki og **Ásthildi Elvu Bernharðsdóttur**, prófessor við Háskólann í Bifröst en í verkefninu taka þátt fræðimenn á sviði áfallastjórnunar frá Norðurlöndunum. Í verkefninu greina og meta fræðimennirnir stefnumótun og viðbrögð Íslands, Grænlands, Noregs, Svíþjóðar, Færeyja, Finnlands og Danmerkur við COVID-19 faraldrinum. Verkefnið veitir dýrmæta innsýn í hvernig smáríki geta lært hvert af öðru, aukið samhæfingu og byggt upp sterkari viðnámsþrótt gagnvart framtíðaráskorunum, hvort sem um er að ræða faraldra, náttúruhamfarir eða aðra alþjóðlega kreppu. Niðurstöður verkefnisins birtast í sérkafla í tímaritinu *Small States and Territories Journal*, sem Baldur og Ásthildur ritstýra. Auk þess hafa verið gefnir út fjórir hlaðvarpsþættir sem fjalla um verkefnið og niðurstöður þess.



Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki

Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands stóð fyrir sumarskóla dagana 11.-16. ágúst. Skólinn er styrktur af Nordplus Higher Education áætluninni og hefur verið haldinn árlega frá árinu 2003. Líkt og síðustu ár var megináhersla lögð á öryggis- og varnarmál smáríkja í Norður-Atlantshafi. Framúrskarandi nemendur og kennarar frá tíu háskólum á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum tóku þátt í skólanum.



Sterkari staða norðurslóðarannsókna á Íslandi

Á árinu hófst samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Rannís og Norðurslóðanets Íslands sem hefur það að markmiði að styrkja norðurslóðasamstarf hérlandis og efla sókn íslenskra aðila í alþjóðlega samkeppnissjóði. Með aukinni samvinnu er leitast við að efla stöðu íslenska rannsóknarsamfélagsins og stuðla að öflugra framlagi til alþjóðlegs vísindasamstarfs um málefni norðurslóða.

Tvær vinnustofur voru haldnar á árinu. Sú fyrri fór fram í Háskóla Íslands 27. maí og fjallaði um aðlögun að loftslagsbreytingum, en sú síðari var haldin í Háskólanum á Akureyri 23. september og beindist að málefnum hafsins og alþjóðlegu vísindasamstarfi. Vinnustofurnar sköpuðu opinn vettvang fyrir samtal um helstu áskoranir, þekkingargöp og rannsóknargetu hérlandis, auk þess að efla tengsl og vísindasamstarf milli háskóla og rannsóknarstofnana. Samtals sóttu tæplega hundrað fulltrúar frá öllum háskólum landsins og helstu rannsóknarstofnunum vinnustofurnar. Í kjölfar vinnustofanna voru unnar skýrslur með helstu niðurstöðum. Verkefnið er fjármagnað af Samstarfssjóði háskóla á vegum Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins.



NATO styrkur: Öryggi smáríkja

Alþjóðamálastofnun hlaut styrk úr styrktaráætlun NATO, **Science for Peace and Security (SPS) Programme** á árinu. Verkefnið er leitt af Baldri Þórhallssyni, prófessor í stjórnmálafræði og rannsóknastjóra rannsóknaseturs um norðurslóðir. Megintilgangur verkefnisins er að skapa alþjóðlegt tengslanet fræðimanna og sérfræðinga til þess að meta öryggisáskoranir smáríkja innan NATO og smáríkja með tengsl við NATO með hliðsjón af breyttu öryggisumhverfi í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Verkefnið hófst með vinnustofu í Thessaloníki í Grikklandi þar sem hluteigandi fræðimenn lögðu grunninn að verkefninu, ásamt því að skiptast á hugmyndum og sjónarmiðum, efla samstarf og mynda ný rannsóknartengsl. Lokaniðurstöður verkefnisins verða settar fram í ritstýrðri bók en samhliða verða gefnar út stefnumótandi greiningar sem geta nýst ólíkum hagsmunaaðilum, hvatt til opins samtals og stutt við stefnumótun á fræðilegum grunni.



Ráðstefnur

Alþjóðasamvinna á krossgötum

Árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar, utanríkisráðuneytisins og Norræna hússins um alþjóða- og utanríkismál Íslands var haldin eins og fyrri ár síðasta vetrardag í Norræna húsinu í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála. Boðið var upp á þetta og áhugaverða dagskrá um alþjóðamál og helstu áskoranir og tækifæri Íslands í utanríkismálum. Aukin áhugi hjá almenningi á öryggis- og alþjóðamálum má sjá á metskráningu á viðburðinn í ár.

Ráðstefnan hófst með opnunarávarpi Guðna Th. Jóhannessonar, prófessors í sagnfræði, stjórnarformanns Alþjóðamálastofnunar og fyrrverandi forseta Íslands.

Í fyrstu málstofu dagsins Uppbrot alþjóðakerfisins: Utanríkisstefna Íslands á baráttuvettvangi stórveldanna, var meðal annars fjallað um áhrif landvinningastefnu og einangrunarhyggju Bandaríkjanna á öryggisumhverfi Evrópu og framtíð friðar í Úkraínu. Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og rannsóknastjóri Rannsóknaseturs um smáriki og Marc Lantaigne, prófessor í stjórnmálafræði við UiT, Arctic University of Norway í Tromsø fluttu erindi en



Þátttakendur í pallborði voru **Bergdís Ellertsdóttir**, **Bjarni Már Magnússon**, **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, **Pawel Bartoszek** og **Silja Bára Ómarsdóttir**. **Pia Hansson**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar stýrði umræðum.

Önnur málstofa dagsins bar heitið *Grafið undan mannréttindum: Hver borgar brúsann?* Málstofan fjallaði um alþjóðlegt bakslag í mannréttindum, aukna andstöðu við jafnrétti kynjanna, réttindi hinsegin fólks og frjósemisréttindi og hvað er til ráða til að sporna við þessu bakslagi. **Hólmfríður Anna Baldursdóttir**, sérfræðingur hjá Próunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins ræddi við **Neil Datta**, framkvæmdastjóra European Parliamentary Forum for Sexual and Reproductive Rights. Þátttakendur í pallborði voru **Bjarnís Helga Tómasdóttir**, **Gyða Margrét Pétursdóttir**, **Helen Inga Von Ernst**, **Stella Samúelsdóttir** og **Neil Datta**, en **Svanhildar Porvaldsdóttir** stýrði umræðum.

Þriðja málstofan *Öryggi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í skugga fjölþáttaðgna*, sneri að auknum öryggisógnum í norðanverðri Evrópu. Þar var fjallað um hvernig fjölþáttaðgnir, svo sem netárásir, upplýsingaóreiða og pólitískur þrýstingur, grafa undan stöðugleika svæðisins. **Margarita Šešelgytė**, forstöðumaður Institute of International Relations and Political Science við Háskólann í Vilnius og **Elżbieta Dążkiewicz**, verkefnastjóri samnorræns netverks um viðnámsþrótt gegn upplýsingaóreiðu fluttu erindi. Eftir það fóru fram pallborðsumræður en þátttakendur voru **Auðunn Arnórsson**, **Elżbieta Dążkiewicz**, **Erlingur Erlingsson**, **Finnbogi Jónasson** og **Hulda Þórisdóttir**. **Ingólfi Bjarna Sigfússyni** stýrði umræðum.

Að lokum var fjórða málstofan, *Hvert stefnum við?*, þar sem fulltrúar stjórnmálaflokka ræddu framtíð utanríkisstefnu Íslands. Þar komu fram **Eyjólfur Ármannsson**, **Njáll Trausti Friðbertsson**, **Sigmar Guðmundsson**, **Sigurður Ingi Jóhannsson**, **Snorri Másson** og **Víðir Reynisson**, undir stjórn **Elínar Margrétar Böðvarsdóttur**.

Ráðstefnunni lauk með lokaorðum **Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur**, dómsmálaráðherra, og móttöku þar sem **Vigdís Hafliðadóttir** skemmti.



Þjóðaröryggi: Íslendingar og hafið

Ráðstefna Þjóðaröryggisráð í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands fór fram þann 2. apríl í Hörpu. Á ráðstefnunni var áhersla lögð á mikilvægi hafsins fyrir þjóðaröryggi Íslands og þjóðaröryggishagsmuni sem tengjast hafsvæðinu umhverfis Ísland hvort sem þeir lúta að umhverfis- og vistkerfisþáttum, auðlinda- og efnahagslegum þáttum eða öryggis- og varnartengdum þáttum.

Á ráðstefnunni var fjölbreytt dagskrá en hún hófst á setningarávarpi **Krísturinnar Frostadóttur**, forsætisráðherra og formanni þjóðaröryggisráðs.

Fyrri málstofa ráðstefnunnar bar heitið *Öryggi nú og til framtíðar - rennum ekki blint í sjóinn*. Opnunarerindi fluttu **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra og **Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir**, dómsmálaráðherra. Málstofustjóri var **Ásgeir Erlendsson**, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslu Íslands og pallborðið skipuðu **Auðunn Kristinsson**, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslu Íslands, **Ariel Pétursson**, formaður Sjómannadagsráðs, **Bergdís Ellertsdóttir**, sendiherra, **Elísabet D. Ólafsdóttir**, forstjóri Geislavarna ríkisins, **Halla Einarsdóttir**, sérfræðingur hjá Umhverfis- og orkustofnun og **Þorvarður Sveinsson**, framkvæmdastjóri FARICE.

Að hléi loknu flutti **Jóhann Páll Jóhannsson**, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, ávarp. Því næst var erindi frá **Önnu Huldu Ólafsdóttur**, skrifstofustjóra loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands og **Hrönn Egilsdóttur**, sviðsstjóra Hafrannsóknarstofnunar undir yfirskriftinni *Hafið umhverfis Ísland - Mikilvægi traustar vísindalegrar þekkingar*.



Seinni málstofa ráðstefnunnar bar heitið *Auðlindir nú og til framtíðar - sækjum ekki væð í unna sígra*. Opnunarerindi fluttu **Hanna Katrín Friðriksson**, atvinnuvegaráðherra og **Daði Már Kristófersson**, fjármála- og efnahagsráðherra. Málstofustjóri var **Stefán Ásmundsson**, sérlegur ráðgjafi í málefnum hafsins og fiskveiðum hjá utanríkisráðuneytinu, og pallborðið skipuðu **Birgir Hrafn Búason**, deildarstjóri á laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins, **Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir**, forstöðumaður Rannsóknaseturs á Vestfjörðum, **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, **Jóhann Sigurjónsson**, sjávarlíffræðingur og fyrrverandi sérlegur erindreki utanríkisráðuneytisins í málefnum hafsins og **Kolbeinn Árnason**, skrifstofustjóri skrifstofu auðlinda hjá atvinnuvegaráðuneytinu.

Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra og formaður Þjóðaröryggisráðs, lokaði viðburðinum en fundarstjóri var **Pia Hansson**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar




Alþjóðleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs The Imagine Forum

Árleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið var haldin í Veröld - húsi Vigdísar þann 10. október frá kl 10:00 – 17:00 undir yfirskriftinni *The Imagine Forum: Protecting Rights – Defending Peace*.

Í ár var lögð áhersla á að skoða hvernig vaxandi einræðishyggja, hnignun lýðræðis og bakslag í mannréttindum, þar á meðal í kynjajafnrétti og réttindum LGBTQI+ fólks, ógnar grundvallarforsendum friðar. Sérstaklega var horft til þess hvernig þessar áskoranir birtast í borgum og hafa áhrif á líf almennra borgara, þar sem lýðræðisleg þátttaka, öryggi og aðgengi að réttindum eru lykilforsendur félagslegrar samheldni. Þegar réttindi einstaklinga eru skert og jaðarhópar verða fyrir kerfisbundinni mismunun, grafa stjórnvöld undan trausti, félagslegri samheldni og þátttöku almennings í lýðræðislegum ferlum. Verndun mannréttinda er því lykilforsenda þess að tryggja varanlegan og réttlátan frið.

Við fengum til okkar einvalalið sérfræðinga til að ræða um mikilvægi þess að standa vörð um mannréttindi til að tryggja varanlegan frið. Meðal þeirra voru: **Nazanin Boniadi**, heimsþekkt leikkona og mannréttindafrömuður sem leggur áherslu á réttindi kvenna og tjáningarfrelsi í Íran og víðar, **Varsen Aghabekian**, utanríkisráðherra Palestínu, sem fjallaði um áskoranir friðaruppbyggingar í skugga átaka og mannréttindabrota, **Jessica Stern**, fyrrum sérstakur sendifulltrúi Bandaríkjanna í málefnum LGBTQI+ fólks og fræðimaður við Carr-Ryan Center for Human Rights við Harvard Kennedy School, sem lagði áherslu á mikilvægi verndar réttinda jaðarsettra hópa, **Vladimir Kara-Murza**, rússneskur blaðamaður og lýðræðissinni sem hefur verið fangelsaður fyrir opinskáa andstöðu sína við einræðishætti og óþreytandi baráttu fyrir pólitísku frelsi og **Katja Creutz**, sérfræðingur hjá finnsku alþjóðamálastofnuninni FIIA, sem fjallaði um mikilvægi þess að standa vörð um hlutverk Sameinuðu þjóðanna og styrkja alþjóðlegt samstarf til að tryggja vernd mannréttinda einstaklinga.

Auk þess tóku íslenskir fræðimenn, stjórnmalamenn og sérfræðingar þátt í umræðunni um hvernig staðbundin reynsla og þekking getur nýst til að móta árangursríkar lausnir og stefnu sem styður við friðaruppbyggingu í breyttu alþjóðlegu landslagi. Meðal þeirra var **Heiða Björg Hilmisdóttir**, borgarstjóri Reykjavíkur, sem hélt erindi þar sem hún lagði sérstaka áherslu á mikilvægt hlutverk borga í friðaruppbyggingu og vernd mannréttinda.



Í tengslum við ráðstefnuna var eins og fyrri ár haldin **myndlistarsamkeppni í grunnskólum í Reykjavík** sem er hluti af alþjóðlegri árlegri myndlistarsamkeppni samtaka friðarborgarstjóra (e. Mayors for Peace). Þema keppinnar er „**Hvað er friður fyrir mér?**“ (e. What Peace Means to Me). **Heiða Björg Hilmisdóttir**, borgarstjóri, kynnti vinningshafa í myndlistarsamkeppninni og veitti þeim viðurkenningu. Vinningsmyndirnar verða síðan sendar í alþjóðlega myndlistarsamkeppni Mayors for Peace.



Nordic India Dialogue

Nordic India Dialogue var hleypt af stokkunum í Osló í fyrra og ráðgert er að halda viðburðinn árlega til skiptis á Norðurlöndunum og á Indlandi. Í ár sá Ísland um að halda fundinn en hann fór fram í Reykjavík 4. – 5. september. Markmið Nordic India Dialogue er að leiða saman fulltrúa frá stjórnvöldum, atvinnulífi og háskólasamfélaginu til að ræða hvernig Norðurlöndin og Indland geta efnt samstarf á sviði viðskipta, nýsköpunar, grænna umbreytinga og alþjóðasamskipta.

Til að samtalið skili tilætluðum árangri er fjöldi þátttakenda stillt í hóf en 50 leiðandi fulltrúum úr atvinnulífi, fræðaheimi og opinberum stofnunum frá öllum fimm Norðurlöndunum og Indlandi er boðið til þátttöku undir Chatham house reglu. Þetta fyrirkomulag skapar rými fyrir opinskáar umræður, eflir traust og stuðlar að tengslamyndun þar sem trúnaður ríkir um samtalið.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skipulagði viðburðinn á Íslandi í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Íslensk-indverska viðskiptaráðið og Félag atvinnurekenda í samstarfi við Ananta Centre á Indlandi og Alþjóðamálastofnun Svíþjóðar (UI) en að auki komu fulltrúar úr einkageiranum og frá öllum utanríkisráðuneytum Norðurlandanna og Indlands að skipulagi viðburðarins.

Meðal fyrirlesara voru **Porgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, **Shri Kirti Vardhan Singh**, Vararáðherra Indlands í utanríkismálum og umhverfis-, skóga- og loftslagsmálum, **R. Mukundan**, framkvæmdastjóri Tata Chemicals og **Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands 1996 til 2016, en að auki voru í sendinefnd Indlands og frá Norðurlöndunum öllum áhrifamiklir einstaklingar úr atvinnulífi, fræðasamfélaginu og opinbera geiranum sem tóku þátt í samtalinu.



Áskoranir á norðurslóðum: Mikilvægi samstarfs


Rannsóknarsetur um Norðurslóðir, Háskóli Íslands og Háskóli Norðurslóða (UArctic) stóðu fyrir hliðarviðburði við Hringborð Norðurslóða þriðja árið í röð sem haldinn var 15. október í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Um var að ræða málþing sem samanstóð af fjórum málstofum og öðrum erindum þar sem innlendir og erlendir fræðimenn og sérfræðingar fóru yfir fjölda brýnna viðfangsefna sem snúa að framtíð Norðurslóða. Farið var yfir stöðu varnar- og öryggismála á norðurslóðum, áhrif hlýnunar á náttúru og samfélag, áskoranir brothættra byggða á svæðinu og samstarf menntastofnana á norðurslóðum svo eitthvað sé nefnt.

Meðal fyrirlesara voru **Lars Kullerud**, forseti UArctic, **Katrín Jakobsdóttir**, heiðursfulltrúi hjá Hringborði Norðurslóða og fyrrum forsætisráðherra, **Sara Olsvig**, formaður Inuit Circumpolar Council, **Gunnar Stefánsson**, prófessor og forstöðumaður Verkfræðistofnunar og varaforseti rannsókna hjá UArctic, **John Holdren**, rannsóknaprófessor við Harvard háskóla og fyrrum vísindaráðgjafi Obama og **Alex Stitt**, forstöðumanni Heritage Centre hjá Lloyd's Register Foundation.



Þátttaka í Hringborði Norðurslóða

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stóð fyrir tveimur málstofum á þingi Hringborðs norðurslóða sem haldið var í Hörpu dagana 16.–18. október. Fyrri málstofan bar heitið *Nordic Values in an Era of Great Power Competition in the Arctic* og fjallaði um hvernig Norðurlöndin geta brugðist við auknum áhuga stórvelda á Norðurslóðum án þess að víkja frá sameiginlegum gildum friðar, umhverfisverndar og alþjóðlegs samstarfs. Þar fluttu erindi **Elana Wilson Rowe** frá Norwegian Institute of International Affairs (NUPI), **Rasmus Leander Nielsen** frá Ilisimatusarfik – University of Greenland og **Silja Bára Ómarsdóttir** frá Háskóla Íslands. Seinni málstofan bar heitið *Political Shifts in the Arctic: China, Russia and Regional Security* og fjallaði um áhrif vaxandi spennu í alþjóðakerfinu á vísindi og samstarf á svæðinu, með sérstakri áherslu á Rússland og Kína. Þar komu fram **Marc Lanteigne**, frá UiT The Arctic University of Norway, **Patrik Andersson**, frá Swedish National China Centre, **Whitney Lackenbauer**, frá Trent University í Kanada, **Guðbjörg Ríkey Th. Hauksdóttir**, frá Háskóla Íslands og Erlingur Erlingsson frá Alþjóðamálastofnun HÍ. Málstofustjóri í báðum tilvikum var **Pia Hansson**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.



Geópolítík og öryggismál á Norðurslóðum og í Norður-Atlantshafi

Alþjóðamálastofnun stóð að ráðstefnunni *Geopolitics and Security in the Arctic and North Atlantic* í samstarfi við utanríkisráðuneytið, sendiráð Kanada á Íslandi, NAADSN netverkið, MINDS og Manitoba háskóla en þetta er í þriðja sinn sem þessi ráðstefna er haldin um öryggisáskoranir Kanada og Íslands. Dagskráin samanstóð af fjölbreyttum erindum og pallborðsumræðum.

Martin Eyjólfsen, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins opnaði viðburðinn og **Heather Richardson**, forstöðumaður netöryggis stofnunar Kanada hélt opunarerindi

Á ráðstefnunni voru þrjár málstofur þar sem meðal annars var fjallað um stórvelda pólitík á norðurslóðum, leitar- og björgunaraðgerðir og löggæslu á hafsvæðum og megin áherslur í norðurslóðastefnum Kanada og Íslands. Fjölmarginir fræðimenn og embættismenn frá Kanada og Íslandi tóku þátt í umræðunum. **Jenny Hill**, sendiherra Kanada á Íslandi og **Hlynur Guðjónsson**, sendiherra Íslands í Kanada lokuðu ráðstefnunni



Aðrir opnir fundir

Er Grænland til sölu? Sjálfstæði, geópolítík og svæðisbundin sjálfsmýnd

Alþjóðamálastofnun hélt opinn fund í Norræna húsinu í samstarfi við Norræna húsið þar sem fjallað var um stöðu Grænlands meðal annars í ljósi aukins áhuga Bandaríkjanna á svæðinu og hvað það þýður fyrir samskipti ríkja á svæðinu. Tove Søvndahl Gant frá sendiskrifstofu Grænlands á Íslandi opnaði málstofuna en í pallborði voru **Berit Kristoffersen** frá UiT The Arctic University of Norway, **Javier L. Arnaut** frá Ilisimatusarfik – University of Greenland og **Marc Lanteigne** frá UiT The Arctic University of Norway.



Staða Grænlands í heiminum

Staða Grænlands í heiminum, var yfirskriftin á opnum fundi sem haldinn var á vegum Alþjóðamálastofnunar þann 17. janúar í Odda. Þar var fjallað um aukinn áhuga Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og fleiri ríkja á Grænlandi og þýðingu þess fyrir stefnu Grænlands í utanríkis-, varnar- og öryggismálum.


Fundinum stjórnaði **Bogi Ágústsson**, fréttamaður á RÚV en **Page Wilson** dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og **Damien Degeorges**, ráðgjafi og sérfræðingur í samskiptum Evrópusambandsins og Grænlands, ræddu við hann og greindu stöðuna.



Staða og þróun innflytjendastefnu Kanada og Íslands

Alþjóðamálastofnun og Höfði friðarsetur héldu opna málstofa í samstarfi við sendiráð Kanada á Íslandi föstudaginn 24. janúar í Þjóðminjasafni Íslands þar sem fjallað var um stöðu og þróun innflytjendastefnu Kanada og Íslands.

Jenny Hill, sendiherra Kanada á Íslandi opnaði málstofuna. **Mireille Paquet**, dósent við Concordia-háskóla og rannsóknastjóri um stjórnmál innflytjendamála hélt erindi en eftir það fóru fram pallborðsumræður með **Nínu Helgadóttur**, teymisstjóri hjá Rauða krossi Íslands, **Paolu Cardenas**, formanni Innflytjendaráðs Íslands og **Unni Dís Skaptadóttur**, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Málstofustjóri var **Pia Hansson**, forstöðumaður Höfða friðarseturs.



Mannréttindi í réttlátri virðiskeðju

Í tengslum við Janúarráðstefnu Festu buðu Festa, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, UN Women á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og UN Global Compact til hliðarviðburðar þann 3. febrúar. Á viðburðinum var fjallað um virðiskeðjur nútímafyrirtækja og mikilvægi þess að tryggja mannréttindi í innlendum og alþjóðlegum virðiskeðjum. **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, opnaði viðburðinn. Helstu erindi fluttu **Dr. Mikael Allan Mikaelsson** frá Stockholm Environment Institute um réttlát umskipti og **Guðný Camilla Aradóttir**, samskipta- og sjálfbærnistjóri IKEA, um mannréttindi í virðiskeðju fyrirtækisins. Viðburðurinn var styrktur af Arion banka og fór fram í viðburðarsal bankans að Borgartúni.



Bandaríkin - traustur bandamaður?

Alþjóðamálastofnun stóð fyrir opnum hádegisfundi í fyrirlestrasal Eddu þann 14. mars, sex vikum eftir að Donald Trump tók við embætti Bandaríkjaforseta og hóf umfangsmiklar breytingar á utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Á fundinum var fjallað um áhrif þessara breytinga á varnir Íslands og alþjóðaviðskipti, auk þess sem ræddar voru væntingar um þróun bandarískrar utanríkisstefnu á næstu árum. Fundarstjórn var í höndum **Elínar Margrétar Böðvarsdóttur**, fréttakonnu hjá SÝN en í pallborði sátu **Baldur Þórhallsson**, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, **Erlingur Erlingsson**, hernaðarsagnfræðingur, **Katrín Ólafsdóttir**, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Reykjavík, og **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**, alþingismaður.



Þróunarsamvinna á viðsjárverðum tímum: Aldrei mikilvægari en nú

Höfði friðarsetur tók þátt í að halda opinn fund í samstarfi við UNICEF á Íslandi, UN Women á Íslandi, Rauða krossinn og Barnaheill þann 1. apríl þar sem fjallað var um hvernig þrengt hefur að stuðningi við þróunarsamvinnu og það bakslag sem við stöndum frammi fyrir í mannréttindamálum í heiminum.

Isabel Burchard, sem fer fyrir UNICEF Nordic donor relations og **Stella Samúelsdóttir**, formaður þróunarsamvinnunefndar og framkvæmdastýra UN Women fluttu erindi. Í pallborði sátu **Gísli Rafn Ólafsson**, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, **Svanhildur Þorvaldsdóttir**, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og **Tóti Sæmundsdóttir**, framkvæmdastjóri Barnaheilla. Fundarstjóri var **Pia Hansson**, forstöðumaður Höfða friðarseturs.



Þjóðaröryggisáskoranir: Nú og til framtíðar

Alþjóðamálastofnun hélt opinn fund í Odda þann 7. apríl þar sem **Michael S. Goodman**, prófessor í alþjóðasamskiptum frá King's College í London, fjallaði um hraðar breytingar á alþjóðsamfélaginu og þær öryggisáskoranir sem við stöndum frammi fyrir nú og til framtíðar. Hann lagði áherslu á mikilvægi öflugrar upplýsingaöflunar og leitaðist við að svara spurningum um stöðu Bandaríkjanna, Rússlands og Evrópu. Fundarstjóri var **Page Wilson**, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.



Breytt landslag á norðurslóðum: Hvert er hlutverk Evrópusambandsins?

Alþjóðamálastofnun stóð fyrir opnum fundi 8. apríl í Odda. Á fundinum fjallaði **Urmaz Paet**, fyrrverandi utanríkisráðherra Eistlands og núverandi þingmaður á Evrópuþingi, um þær áskoranir og pólitísku þróun sem átt hefur sér stað á Norðurslóðum og hvernig Evrópusambandið skilgreinir hlutverk sitt á svæðinu. Einnig ræddi hann möguleg áhrif hraðrar þróunar alþjóðamála á stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Fundarstjóri var **Össur Skarphéðinsson**, fyrrverandi utanríkisráðherra og alþingismaður og opunarávarp fluttu **Clara Ganslandt**, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi og **Bergdís Ellertsdóttir**, sendiherra norðurslóða.



Bandamenn eða andstæðingar? Samskipti Bandaríkjanna og Evrópu á öðru kjörtímabili Trumps

Þann 5. maí fór fram opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar þar sem **Constanze Stelzenmüller**, þekktur stjórnmálaskýrandi og sérfræðingur við Brookings Institution í Washington DC, fjallaði um framtíð samskipta Bandaríkjanna og Evrópu. Ríkisstjórn Donalds Trump hefur verið harðorð og óvægin í yfirlýsingum frá upphafi kjörtímabils. Þessi breytta afstaða hefur rekið fleyg í áralangt samstarf Bandaríkjanna og Evrópu og þvingað Evrópuríki til þess að taka öryggismál álfunnar til gagnerrar endurskoðunar. Fundarstjóri var **Silja Bára Ómarsdóttir**, prófessor í alþjóðasamskiptum og rektor Háskóla Íslands.



Fjölþáttaógnir og efnahagsþvinganir

Fjölþáttaógnasetrið í Helsinki (Hybrid CoE) stóð fyrir námskeiði og ráðstefnu í Reykjavík 14. og 15. maí í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Seðlabanka Íslands og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Viðburðina sóttu fjölmargir sérfræðingar og fræðimenn við stofnanir, ráðuneyti og háskóla. Farið var yfir ýmsar sviðsmyndir fjölþáttaóгна og birtingarmyndir efnahagsþvingana í samskiptum ríkja.



Réttlæti og ábyrgð: Vernd barna í Úkraínu

Alþjóðamálastofnun og Höfði friðarsetur héldu í samstarfi við UNICEF á Íslandi og utanríkisráðuneytið opinn fund föstudaginn 20. júní þar sem rætt var um mikilvægi ábyrgðarskyldu eftir stríðsátök og spurningum varpað fram um hvernig hægt sé að tryggja réttlæti fyrir úkraínsk börn. **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra flutti opunarorð, og **Róbert Spanó**, formaður tjónaskrár Evrópuráðsins fyrir Úkraínu og **Pórdís Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur**, sérstakur erindreki framkvæmdastjóra Evrópuráðsins gagnvart úkraínskum börnum fluttu erindi. Þau tóku þátt í pallborðsumræðum að erindum loknum ásamt **Yuliu Kyrpa**, framkvæmdastjóra hjá AEQUO og stjórnarmanni hjá tjónaskrá Evrópuráðsins fyrir Úkraínu, og **Birnu Þórarinsdóttur**, framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi. Fundarstjóri var **Kári Hólmur Ragnarsson**, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.



80 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna


Höfði friðarsetur stóð að opnum umræðufundi 10. september í Norræna húsinu í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í tilefni af afmæli Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum var fjallað um hlutverk Sameinuðu þjóðanna og hvernig Ísland getur lagt sitt af mörkum og brugðist við áskorunum framtíðarinnar. Frummælendur á fundinum voru **Guðni Th. Jóhannesson**, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi forseti Íslands (2016-2024), **Árni M. Mathiesen**, fyrrum framkvæmdastjóri (ADG) og yfirmaður sjávarútvegs- og fiskeldisdeildar FAO í 10 ár, **Helen María Ólafsdóttir**, ráðgjafi í öryggis- og þróunarmálum og **Þorgerður María Þorbjarnardóttir**, formaður Landverndar. Fundarstjóri var **Bogi Ágústsson**, fjölmiðlamaður.



Öryggi Íslands til framtíðar: Áherslur stefnu í varnar- og öryggismálum

Alþjóðamálastofnun tók þátt í að halda opinn fund í samstarfi við utanríkisráðuneytið í tilefni útgáfu á nýrri skýrslu samráðshóps þingmanna um inntak og áherslur stefnu Íslands í varnar- og öryggismálum. Fundurinn fór fram þann 12. september í Veröld - húsi Vigdísar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra opnaði fundinn og tilkynnti áform um að formleg stefna skyldi gefin út á næstu vikum á grunni niðurstaðna samráðshópsins. Þá fór **Aðalsteinn Leifsson**, aðstoðarmaður utanríkisráðherra og formaður samráðshópsins yfir meginniðurstöður skýrslunnar. Að því loknu hófust pallborðsumræður með þeim **Degi B. Eggertssyni**, fulltrúa Samfylkingarinnar, **Pawel Bartoszek**, fulltrúa Viðreisnar, **Sigurði Helga Pálmasyni**, fulltrúa Flokks fólksins, **Ingibjörgu Isaksen**, fulltrúa Framsóknarflokksins og **Pórdís Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur**, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fundinum stýrði **Pia Hansson** forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.



Frá þekkingu til þróunaráhrifa: Stuðningur við sjálfbæra þróun í orkumálum

Þann 5. nóvember fór fram fyrsti fundur í fundarröð GRÓ þekkingarmiðstöðvar um þróunarsamvinnu og utanríkisráðuneytisins í samvinnu við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Fundarröðinni er ætlað að varpa ljósi á framlag Íslands til þróunarsamvinnu í formi styrkingar á hæfni og getu í gegnum GRÓ skólana fjóra. Fyrsti fundur fjallaði um Jarðhitaskólann (GRÓ GTP) sem vinnur að því að efla jarðhitaleit og nýtingu jarðhita í samstarfslöndum. Fundurinn fór fram í hátíðarsal Háskóla Íslands en fundarröðin heldur áfram á nýju ári.

Silja Bára Ómarsdóttir, rektor Háskóla Íslands, bauð gesti velkomna og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, opnaði viðburðinn. **Peter Maina**, doktorsnemi frá Kenía flutti erindi og að því loknu var spilað myndskleið með frásögnum fyrri nemenda af reynslu þeirra af jarðhitaskólanum og nýtingu þekkingarinnar í þeirra heimalöndum. Næst stýrði **Bjarni Richter**, forstöðumaður Jarðhitaskólans pallborði sem samanstóð af nemendum: **Nursanty Elisabeth Banjarnahor**, doktorsnema frá Indónesíu, **Álvaro Josué Campos Ramos**, meistaranema frá El Salvador og **Daryl Eastman James**, skiptinema frá Dóminíku. Viðburðinum lokaði **Nína Björk Jónsdóttir**, forstöðumaður GRÓ - þekkingarmiðstöðvar um þróunarsamvinnu.



25 ára afmæli ályktunar Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið, Íslandsdeild Norræns tengslnets kvenna í sáttamiðlun Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, UN Women Ísland og Jafnréttisskóli GRÓ unnu saman að opnu málþingi þann 10. nóvember í tilefni 25 ára afmælis ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi.

Irma Erlingsdóttir, forstöðukona Jafnréttisskóla GRÓ við Háskóla Íslands bauð gesti velkomna og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra, flutti setningarræðu. Þá hófust pallborðsumræður undir yfirskriftinni *Hlutverk kvenna í öryggismálum og friðarferlum*. Pallborðinu stjórnaði **Melanne Verveer**, forstöðukona fræðaseturs um konur, frið og öryggi við Georgetown háskóla í Bandaríkjunum og pallborðið skipuðu **Mariana Betsa**, aðstoðarutanríkisráðherra Úkraínu, **Dr Isata Mahoi**, ráðherra jafnréttismála og málefna barna í Síerra Leóne, **Sofia Calltorp**, framkvæmdastýra skrifstofu UN Women í Genf og yfirmaður mannúðarmála stofnunarinnar og **Summer Abu Mughli**, sérfræðingur í alþjóðamálum frá An-Najah háskólanum í Palestínu. **Silja Bára Ómarsdóttir**, rektor Háskóla Íslands flutti lokaorð.



Ísland í alþjóðakerfinu: Hagsveiflur, hrun og framtíð nýfrjálshyggjunnar

Þann 20. nóvember fór fram opinn fundur í Lögbergi á vegum Alþjóðamálastofnunar og Stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands. Á fundinum fjallaði **Owen Worth** prófessor, forseti stjórn mála- og stjórnsýsludeildar Háskólans í Limerick, Írlandi um stöðu Íslands í ljósi nýfrjálshyggjunnar og endurtekinna hagsveifla hér á landi. Fundinum stjórnaði **Gylfi Magnússon**, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.



Mannréttindi í mótvindi: Ábyrgð og áhrif Íslands á alþjóðavettvangi

Á alþjóðlegum mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna þann 10. desember héldu Alþjóðamálastofnun, utanríkisráðuneytið og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi opna málstofu í Norræna húsinu. Þar var fjallað um áherslur Íslands í alþjóðlegu mannréttindastarfi, meðal annars jafnrétti kynjanna, réttindi barna og ungmenna, vernd hinsegin fólks og eflingu lýðræðis, tjáningarfrelsis og fjölmiðlafrelsis. Rætt var um gildi mannréttinda fyrir frið og öryggi og hvernig Ísland getur haft áhrif langt umfram stærð í þessum málaflokki.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra flutti opunarávarp. Málstofustjóri var **Kári Hólmur Ragnarsson**, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands og pallborð skipuðu **Birna Þórarinsdóttir**, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, **Bylgja Árnadóttir**, yfirmaður mannréttindamála hjá utanríkisráðuneytinu, **Jón Gunnar Ólafsson**, lektor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og **Stella Samúelsdóttir**, framkvæmdastýra UN Women Íslandi.

